

Svar við skriflegri fyrirspurn sem lögð var fram í bæjarráði 12.2.2015.

1502216 - Innheimtumál, fyrirspurn

Lögð fram skrifleg fyrirspurn bæjarráðsfulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna.

Af gefnu tilefni, með vísan til 28. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 28/2011, leggja fulltrúar Samfylkingar og VG fram eftirfarandi skriflega fyrirspurn um framkvæmd innheimtumála hjá Hafnarfjarðarbæ.

1. Hversu oft á sl. 12 mánuðum hefur barni verið úthýst af leikskólum Hafnarfjarðarbæjar vegna vangreiddra leikskólagjalda?
2. Á hvaða aldri voru þau börn sem hefur verið úthýst af leikskólum Hafnarfjarðarbæjar vegna vangreiddra leikskólagjalda sl. 12 mánuði?
3. Hversu lengi að meðaltali hafa þau börn verið utan leikskóla að meðaltali sem hefur verið úthýst vegna vangreiddra leikskólagjalda og hversu lengi hefur sá tími verið að hámarki?
4. Eftir hvaða verklagsreglum er farið þegar þessu innheimtuúrræði er beitt svo m.a. sé tryggt að ekki sé farið harðar fram við innheimtu en réttlætandi er með hliðsjón af hagsmunum barns?

Ekki er óskað upplýsinga sem talist geta viðkvæmar persónuupplýsingar eða fallið geta undir ákvæði laga um persónuvernd og meðferð trúnaðarupplýsinga nr. 77/2000.

Óskað er skriflegs svars á næsta fundi bæjarráðs.

Á síðasta ári voru fjögur tilvik þar sem þar sem leikskólapláss var afturkallað vegna vanskila. Um var að ræða pláss fyrir tvö fjögurra og tvö fimm ára börn. Á undanförunum árum hefur yfirleitt verið um að ræða örfáa daga en í ákveðnum tilvikum hefur tíminn verið lengri.

Í samningi sem foreldrar gera um leikskólagjöld kemur fram að þegar tveir mánuðir eru gjaldfallnir sé leikskólavist sagt upp og í framhaldinu verði skuldin send í innheimtu til lögfræðings. Framkvæmdin hefur hins vegar verið sú að samningnum er ekki sagt upp fyrr en vanskil eru að nálgast þrjá mánuði. Uppsagnarbréf eru send út ca. 24. til 28. hvers mánaðar. Þá er listi sendur til Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar til yfirferðar. Í uppsagnarbréfi er tekið fram að frestur til að ganga frá málinu sé til 15. næsta mánaðar en hann er í raun lengri því að leikskólaplássið er ekki afturkallað fyrri en fyrsta dag næsta mánaðar. Fyrirkomulagið hefur verið með þessum hætti í a.m.k. 10 ár.